

4. gr.

7

9. jan.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

8

9. jan.

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Póst- og símamálum hins íslenska ríkis stjórnar póst- og símamálastjóri, sem hefir umsjón og eftirlit með framkvæmdum og starfrækslu pósts og síma. Póst- og símamálastjóri stendur beint undir ráðherra þeim, sem póst- og símamálin heyra undir. Konungur veitir þetta embætti.

Sameining yfirstjórnar póst- og símamála fer fram þegar er sýnt er, að það hefir fjárhagslegan sparnað í för með sér eða telst að öðru leyti nauðsynlegt.

2. gr.

Laun póst- og símamálastjóra skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Taki núverandi landssímastjóri eða póstmálastjóri við póst- og símamálastjóraembættinu, skal hann einskis í missa í launakjörum frá því, sem nú er, og þjónustualdur hans teljast hinn sami og hann er talinn í hinu fyrra embætti. Hið sama gildir um aðra fasta starfsmenn pósts og síma, sem hafa áfram embætti undir hinu nýja skipulagi í starfrækslu pósts og síma.

3. gr.

Póst- og símamálastjóra til aðstoðar skal vera í Reykjavík sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri, bæjarsímastjóri, yfirverkfræðingur og loftskeytastöðvar-

8 stjóri. Starfsmenn þessa skipar ráðherra, að fengnum tillögum póst- og síma-
 9. jan. málastjóra, og ákveður starfssvið þeirra. Póst- og símamálastjóri getur falið
 póstmeistarann og ritsímastjóranum í Reykjavík eftirlit með starfrækslu pósts
 og síma annarsstaðar á landinu. Ráðherra skipar ennfremur, að fengnum til-
 lögum póst- og símamálastjóra, aðalgjaldkera og fulltrúa, og skulu skipunar-
 bréf framangreindra starfsmanna meðundirrituð af póst- og símamálastjóra.
 Aðra fasta starfsmenn og aðstoðarmenn við póst- og símastörf skipar póst- og
 símamálastjóri, að fengnum tillögum hlutaðeigandi yfirmanns, eftir því undir
 hverja starfsdeild stöðurnar falla, en umdæmisstjóra, þegar um stöður utan
 Reykjavíkur er að ræða. Laun fastra starfsmanna við póst og síma skulu ákveðin
 í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Sbr. þó
 2. gr.

4. gr.

Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi, og ákveður ráðherra, að fengu-
 um tillögum póst- og símamálastjóra, tölu þeirra og takmörk og skipar um-
 dæmisstjóra. Umdæmisstjórar eru jafnframt póstafræðslumenn og símastjórar
 hinna stærri stöðva, eftir því sem við á, og skulu þeir, undir yfirstjórn póst- og
 símamálastjóra, hafa eftirlit með starfrækslu pósts og síma, hver í sínu umdæmi.

5. gr.

Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafræðsla og lands-
 símastöð, skal sami maður gegna hvorutveggja starfinu, þegar það að álitum póst-
 og símamálastjóra telst haganlegt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjar-
 eða sveitarstjórnar.

6. gr.

Starfsmaður sá, sem skipaður hefir verið við póst eða síma áður en lög
 þessi öðlast gildi, skal álitinn skipaður í sömu stöðu við þessi störf áfram, án
 þess að nýtt skipunarbréf sé gefið út, nema starf hans sé lagt niður sem óþarft.
 Þó skal hann hlíta breyttri starfstilhögun og verkaskiptingu samkvæmt þessum
 lögum og reglugerðum, sem ráðherra setur.

7. gr.

Allir starfsmenn pósts og síma, sem skipaðir eru eða ráðnir með föstum árs-
 launum, skulu greiða lífeyrissjóðsgjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 27. janúar
 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, svo framarlega sem starf
 það, er þeir inna af hendi fyrir póst og síma, er aðalstarf þeirra.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmdir og starfrækslu póst-
 og símamála og má ákveða sektir við broti gegn þeim.

9. gr.

8

Alþjóðasamningar og sérsamningar við erlendar póst- og símastjórnir, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, enda má ákveða sektir við brotum gegn þeim.

9. jan.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 14. júní 1929, um stjórn póstmála og símamála, eftir því, sem framkvæmd á ákvæðum laganna gerir nauðsynlegt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935. Jafnóðum og samciningu sú á stjórn og starfrækslu póstis og síma, sem í lögnum felst, er á kominn, falla niður þær stöður, sem óþarfar verða vegna sameiningarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaljuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

9

um mat á fiskúrgangi.

9. jan.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allan hertan fiskúrgang (hryggi, hausa o. fl.), sem seldur er til framleiðslu á fiskmjöli hér á landi eða til útflutnings, skal meta af þar til skipuðum opinberum matsmönnum. Nánari fyrirmæli um hirðingu og meðferð þurrbeina gefa matsmenn, samkvæmt erindisbréfi, er þeim verður sett,